

Skóla-akur



Vefrit um skólamál 6. tbl. 6. árg. 15. mars 2012

Myndir augnabliksins eru teknar af heimasíðu Glerárskóla. Þar var útivistar-dagur í Hlíðarfjalli í síðustu viku.



Uppskeruhátíð tónlistarskóla.

Nótan, uppskeruhátíð tónlistarskóla á Norður- og Austurlandi, fór fram í Ketilhúsinu þann 10. mars. Þar komu fram nemendur úr 14 tónlistarskólum. Nemendur frá Tónlistarskólanum á Akureyri tók þátt og átti skólinn fimm atriði af þeim sjö sem fara áfram í aðalkeppnina í Hörpu þann 18. mars nk. En sjö vinningshafar Nótunnar í Ketilhúsinu koma fram í lokaumferðinni en þar munu fulltrúar allra svæða hittast og leika listir sínar. Rúv mun senda lokaathöfnina út í sjónvarpi.

Nótan – uppskeruhátíð tónlistarskóla er samstarfsverkefni Félags tónlistarskólakennara, Félags íslenskra hljómlistarmanna og Samtaka tónlistarskólalastjóra. Uppskeruhátíðin er hugsuð sem ný vidd í starfsemi tónlistarskóla og standa vonir til að hátíðin verði í senn faglega hvetjandi og skemmtilegt innlegg í starfsemi tónlistarskóla fyrir aðstandendur skólanna jafnt innan veggja þeirra sem utan.

Tónlistarskólar landsins eru um níutíu talsins. Þar fer fram gríðarlega fjölbreytt og öflugt starf og með hátíðinni er kastljósinu beint að þessum samfélögum og tónlistarnemendum veittar viðurkenningar fyrir afrakstur vinnu þeirra. Markmiðið er að auka sýnileika og styrkja tengsl tónlistarskóla við umhverfi sitt. Uppskeruhátíðin er þrískipt og skipulögð þannig að allir geti tekið þátt. Þátttakendur eru frá öllu landinu, á öllum aldri og efnis-skráin endurspeglar ólík viðfangsefni tónlistarnemenda á öllum stigum tónlistarnáms.

Þátttaka leik- og grunnskóla í 150 ára afmæli Akureyrarkaupstaðar.

Söngdagar leik- og grunnskóla.

Föstudagsmorguninn 16. mars milli klukkan 10.00 og 11.00 munu um 1.500 leik- og grunnskólanemendur syngja saman í Skátagilinu í miðbæ Akureyrar. Viku síðar föstudaginn 23. mars verður þetta endurtekið. Söngdagar eru samstarfsverkefni leik- og grunnskóla bæjarins í tilefni 150 ára afmælisins. Miklar æfingar hafa farið fram og munu nemendurnir syngja Krummi svaf í klettagjá, Snert hörpu mína og fl.

Afmælisborði í tilefni 150 ára afmælis Akureyrarkaupstaðar.

Leik- og grunnskólar bæjarins vinna nú að því að gera borða sem strengdur verður yfir „Gilið“ og á honum mun standa TIL HÁMINGJU AKUREYRI. Hverjum skóla hefur verið úthlutað ákveðnum staf til að setja á borðann og ráða skólarnir hvernig unnið er með stafina og skila síðan myndum af stafnum og verður borðinn gerður eftir myndunum. Borðinn verður hengdur upp í maí en sá mánuður er tileinkaður börnum. Einnig mun hann verða hengdur upp á afmælisdegi Akureyrar og á fleiri tyllidögum ef vilji verður fyrir því. Tilgangurinn með borðanum er að skólarnir heiðri bæinn sinn sameiginlega á einhvern hátt, minni á þátt nemenda í afmælinu og sýni um leið handbragð sitt. Fleiri verkefni eru framundan hjá leik- og grunnskólum og munum við halda áfram að fylgjast með því sem er að gerast.

Úr fundargerð Samtaka 7. Febrúar 2012.

Fyrirspurna- og umræðufundur Samtaka og fulltrúa skólanefndar.

Gestir fundarins: Preben Pétursson formaður skólanefndar og Gunnar Gíslason fræðslustjóri.

Rætt var um forföll í skólum, tilraun í Oddeyrarskóla þar sem kennarar eru með krökkum í frímínútum en skólalíðar með krökkum í nestistímum, félagsstarf innan skólanna, foreldrarölt og ýmislegt fleira. Hægt er að nálgast fundargerð á heimasíðu Samtaka: <http://samtaka.net/>

Skíðaferðir Grímseyjar- og Hríseyjarskóla.

Það er mikið á sig lagt til að komast í Hlíðarfjall. Nemendur Hríseyjarskóla fara í dag í skíðaferð til Akureyrar. Farið er frá Hrísey snemma morguns og komið heim aftur seinnipartinn. Þetta er árleg ferð skólans og mikil spenna hefur verið í nemendum síðustu daga vegna ferðarinnar. Nemendur Grímseyjarskóla fara í þrjú daga skíða- og skemmtiferð til Akureyrar og eru staddir á Akureyri þessa dagana. Auk þess að fara á skíði er farið í leikhús, keilu og út að borða.

Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8 - 13.

Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Skólastefna Akureyrarbæjar.

Áherslur úr skólastefnu Akureyrarbæjar. Það er alltaf gott að rifja upp.

Viðmið um gæði

Markmið: Nemendur líti á þátttöku foreldra í námsframvindu sinni sem sjálfsagðan hlut og tileinki sér góða námstækni og skilvirk vinnubrögð.

Í góðum skóla...

- finna foreldrar sig ætíð velkomna og að aðstoð þeirra sé vel þegin og hafi gildi.
- setur hver nemandi sér markmið í samvinnu við kennara og foreldra.
- finnst foreldrum þeir hafa nokkuð að segja um áherslur í námi barna sinna.
- er lögð áhersla á námstækni.

Stóra upplestrarkeppnin.

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar 2012 var haldin á sal Menntaskólans á Akureyri, Hólum, miðvikudaginn 7. mars síðastliðinn. Í ár mættu til leiks 15 fulltrúar úr 7. bekk sem komu frá átta grunnskólum á Akureyri. Eins og við var að búast stóðu allir þátttakendur sig með miklum sóma. Sigurvegarar þetta árið voru Steinar Logi Stefánsson nemandi í Síðuskóla í þriðja sæti, Dagný Þóra Óskarsdóttir nemandi í Lundarskóla var í öðru sæti og sigurvegari árið 2012 var Sölvi Halldórsson einnig nemandi í Lundarskóla. Tónlistaratriði frá nemendum við Tónlistarskólann á Akureyri settu skemmtilegan svip á hátíðina og léku nemandur á píanó og þverflautu.



Varðliðar umhverfisins 2012.

Boðað er til árlegrar verkefnasamkeppni um umhverfismál á meðal grunnskólanema í 5. til 10. bekk. Keppnin kallast *Varðliðar umhverfisins* og að henni standa umhverfisráðuneytið, Landvernd og Náttúruskóli Reykjavíkur. Skilafrestur verkefna er til 29. mars 2012 og þau skal senda umhverfisráðuneytinu, Skuggasundi 1, 150 Reykjavík, merkt „Varðliðar umhverfisins“. Dómnafnd skipuð fulltrúum umhverfisráðuneytisins, Landverndar og Náttúruskóla Reykjavíkur velur úr innsendum verkefnum og útnefni Varðliða umhverfisins. Allir þátttakendur fá viðurkenningarskjal og valin verkefni verða verðlaunuð af umhverfisráðherra á *degi umhverfisins* 25. apríl 2012. Markmið keppninnar er að hvetja ungt fólk til góðra verka í umhverfisvernd, vekja athygli á sýn ungs fólks á umhverfismál og kalla eftir leiðsögn yngri kynslóðarinnar á því sviði. Verkefni skulu vera unnin af nemendum og mega vera af fjölbreyttum toga, t.d. ritgerðir, ljósmyndir, ljóð, veggspjöld, bæklingar, myndbönd og hljóðverk. Þannig geta þátttakendur í verkefnum sínum fjallað um umhverfismál í sínu nánasta umhverfi, á landsvísi eða jafnvel heimsvísu ef svo ber undir. Hægt er að nálgast upplýsingar um keppnina á heimasíðu umhverfisráðuneytisins: <http://www.umhverfisraduneyti.is/varldidar>

Nýtt efni frá Námsgagnastofnun.

Nám í skóla um hamingju og velferð – Að sitja fíl eftir Ian Morris í þýðingu Erlu Kristjánsdóttur.

Handbók fyrir kennara sem byggist á hugmyndum jákvæðrar sálfræði. Í henni er meðal annars að finna hugmyndir um viðfangsefni í kennslustundum og ráðleggingar um hvernig má innleiða verkefni sem aukið geta velfarnað nemenda.

Aftan á bókarkápu má lesa umsögn Kristjáns Kristjánssonar prófessors við HÍ: „Þetta er framúrskarandi handbók fyrir kennara í lífsleikni á öllum skólastigum. Höfundur gengur út frá kenningum jákvæðrar sálfræði um hamingju og velfarnað sem markmið menntunar og gildi jákvæðra tilfinninga og núvítundar fyrir allt skólastarf.“

Hjólum meira og njótum!

Fræðslumynd um hjólræiðar fyrir miðstígg. Höfundur: Sesselja Traustadóttir og myndefni eftir Jóhannes Tryggvason.

Í myndinni er sjónum beint að jákvæðum hliðum þess að nota hjól sem ökutæki og fjallað um ýmis mikilvæg öryggisatriði hjólandi vegfarenda í umferðinni. Myndin getur nýst í tengslum við umferðarfræðslu fyrir þetta aldersstígg. Kennsluleiðbeiningar á vef fylgja.

Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Námsgagnastofnunar: <http://nams.is/>

Söguaðferðin (e. Storyline) - lykill að árangursríku námi og kennslu.

Alþjóðleg Söguaðferðarráðstefna verður haldin 9. - 11. ágúst 2012 í húsnæði menntavísindasviðs Háskóla Íslands við Stakkahlíð í Reykjavík. Sjá nánar á vef Miðstöðvar skólaþróunar: [http://www.unak.is/static/files/Skolathrounarsvid/Soguaðferdin%20spjalid%20\(2\).pdf](http://www.unak.is/static/files/Skolathrounarsvid/Soguaðferdin%20spjalid%20(2).pdf)